

## **Aðfaranám í fjárhagsbókhaldi - 0 ein.**

Undirbúningsnámskeið í fjárhagsbókhaldi verður haldið seinni partinn í ágúst 2012. Í námskeiðum viðskipta- raunvísindadeildar er gert ráð fyrir að nemendur hafi þessa grunnþekkingu.

**Námslýsing:** Fjallað verður um grundvallaratriði tvíhliða bókhalds. Farið verður yfir uppbyggingu og bókunarfærslur á reikninga rekstrar og efnahags og bókhaldsjöfnuna. Einnig verður farið í verkefni þar sem gerðar verða færslur í T-reikningaform.

**Námsmat:** Þar sem hér er um undirbúningsáfanga að ræða sem ekki gefur námseiningar verður ekki um sérstakt námsmat að ræða. Það er hinsvegar mikilvægt fyrir nemendur með lítinn eða engan undirbúning í fjárhagsbókhaldi að sækja þetta námskeið og nýta tímann vel.

**Kennari:** Stefán Sigurðsson, aðjúnkt við viðskiptadeild.

**Lesefni:** Fyrirlestrar og dæmi frá kennara.

**Tími:** Námskeiðið stendur í eina viku frá 20.-24. ágúst og verður kennt kl. 16:15-17:55 í Háskólanum á Akureyri á Sólborg í stofu L-101. Einnig verður námskeiðið fjarkennt til þeirra staða sem kennt verður á næsta vetur.

**Verð:** Námskeiðsgjald kr. 6.500 greiðist fyrir upphaf námskeiðs í heimabanka: 0162-26-30620 kt. 520687-1229. Ath. að setja aðfaranám í skýringu. Ef greitt er síðar hækkar gjaldið í 7.500 kr.

**Skráning:** Á netinu. Munið að tilgreina við skráningu hvar þið sækið námskeiðið.